

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Porta-Por Orange		
Vörunúmer:	PPOR46PACK	6 x 118 ml	
	PPORQT1	944 ml	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Lyktareyðir fyrir ferðasalarni.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	KEMI ehf.	Framleiðandi:	Walex Products Company
	Tunguhálsi 10		1949 Popular Street, Leland
	110 Reykjavík		North Carolina 28451, BNA
Sími:	4154000		00-1-910-371-2242
Netfang:	kemi@kemi.is		info@walex.com
Veffang:	www.kemi.is		www.walex.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:			
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):			
	H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
	H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
2.2 Merkingaratriði:			
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):			
Hættumerki			
Viðvörðunarorð	VARÚÐ		
Hættusetningar	H302	Hættulegt við inntöku	
	H315	Veldur húðertingu	
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	P103	Lesið merkimiðann fyrir notkun.	
	P280	Notið hlífðarhanska.	
	P301+P330+P331	EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.	
	P303+P361+P353	BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni [eða farið í sturtu].	
	P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.	
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.	
	P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIDSTÖÐ/lækni.	
	P314	Leitið lækni ef lasleika verður vart.	
	P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið lækni.	
2.3 Aðrar hættur:	Sjá einnig 4. 11. og 15. lið.		

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Yfirborðsvirk efni			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	3 - 7
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-338-0	H-setningar	-
CAS	57-55-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Bronopól, 2-Brómó-2-nítróprópan-1,3-díól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 2
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-143-0	H-setningar	-
CAS	52-51-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302 - H312 - H332, Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335, Bráð eit.á vatn 1 - H400			

Litarefni			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			

Ilmefti			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 2
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			

Önnur innihaldsefni sem nema um 50-60% vörunnar, eru talin framleiðsluleyndarmál og undanskilin upptalningu á þessu öryggisblaði. Mögulegrar hættu, sem af þessum efnum getur stafað, er getið á öryggisblaðinu.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærirbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Flytjið hinn slasaða strax af hinu mengaða svæði. Leitið læknið við vanlíðan.
Innöndun	Tryggið strax ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og fylgist með líðan. Innöndun getur haft áhrif á miðtaugakerfi. Leitið læknið séu einkenni viðvarandi.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknið hverfi erting ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skulun. Leitið læknið hverfi erting ekki fljótlega.
Inntaka	Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Leitið strax læknið. Sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Innöndun gufu/úða getur valdið ertingu í nefi, koki og öndunarvegi. Mikið magn getur haft áhrif á miðtaugakerfi, t.d. höfuðverk, syfju, svima, áhrif á tal og sjón.
Snerting við húð	Veldur ertingu í húð. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum hjá viðkvæmum einstaklingum. Inniheldur efnasambönd sem geta aðsogast gegnum húðina.
Snerting við augu	Veldur augnertingu, verkjum, og hugsanlega varanlegum augnskaða.
Inntaka	Getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi. Getur valdið ertingu í koki, maga og vélinda.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.
Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Ertandi og eitraðar gufur geta myndast við bruna. (Blossamark: >65°C, sjálfendrunarmark: >190°C).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.
Notið viðeigandi persónuhlífar. Forðist snertingu við losað efni. Hálkublettir geta myndast.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand til upphreinsunar. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Hreinsið mengað svæði vandlega með vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, vel loftræstum stað (<35°C).
Hlífið gegn frosti. Geymið fjarri oxurum. Geymið þar sem börn ná ekki til.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði
Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokað kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar	
Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu sé hætta talin á snertingu við augu.
Húð - hendur	Mælt er með notkun efnaþolinnna hlífðarhanska. Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnun gegnstreymistíma.
Húð - annað	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.
Öndunarfæri	Notið öndunarhlífar eða búnað, sé loftræsting ófullnægjandi eða úðamyndun til staðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Ilmefni	
Litur:	Dökkblár	
pH:	4-5	
Blossamark:	>65°C	
Bræðslumark:	-15°C	
Suðumark:	95-97°C	
Leysanleiki í vatni:	1,0	
Eðlismassi:	1,011-1,082	g/cm3

9.2 Aðrar upplýsingar:

Innihald rokkgjarnra efna:	30%
----------------------------	-----

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Forðist slettun- og úðamyndun.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Getur hvarfast við sterka oxara og sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Ertandi og eitraðar gufur geta myndast við niðurbrot.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Innöndun	Innöndun gufu/úða getur valdið ertingu í nefi, koki og öndunarvegi. Mikið magn getur haft áhrif á miðtaugakerfi, t.d. höfuðverk, syfju, svima, áhrif á tal og sjón.
Snerting við húð	Veldur ertingu í húð. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum hjá viðkvæmum einstaklingum. Inniheldur efnasambönd sem geta aðsogast gegnum húðina.
Snerting við augu	Veldur augneringu, verkjum, og hugsanlega varanlegum augnskaða.
Inntaka	Getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi. Getur valdið ertingu í koki, maga og vélinda. (LD ₅₀ (inntaka) = 3365 mg/kg).

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Engar visteiturfræðilegar rannsóknir hafa farið fram á vörunni. Sum innihaldsefna geta reynst skaðleg lífi í vatni. Varan telst brotna niður líffræðilega skv. forskriftum OECD.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata eða brenna tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H302	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H400	Mjög eitrað lífi í vatni

Útgáfa/Dags: 1 / 19.04.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkefnafræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **WALEX PRODUCTS COMPANY INC**
GHS SAFETY DATA SHEET
PORTA-POR

Útgáfa: 14.04.2023 Útgáfa 03